

Dalabyggð
Hlynur Torfi Torfason

Reykjavík, 27. febrúar 2026
Tilvísun: 202602050 / 5.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna vatnsmiðlunar, Hvanná

Dalabyggð hefur, með erindi dags. 17. febrúar 2026, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn 12. febrúar 2026.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1: 20.000, dags. 4. nóvember 2026.

Í breytingartillögunni felst skilgreining á jarðvegsstíflu og lóni á 70 ha svæði til að stýra vatnsflæði í Hvanná.

Með erindinu bárust umsagnir frá ýmsum aðilum án athugasemda. Stafræn gögn bárust ekki með tillögunni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn þarf að taka skýra efnislega afstöðu til ákvæða jarðalaga um ráðstöfun landbúnaðarlands þegar land er leyst úr landbúnaðarnotum eða landnýting breytist á þann hátt að hún kann að hafa áhrif á landbúnaðarnýtingu til framtíðar, sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Afstaða sveitarstjórnar til þeirra atriða sem þar eru tilgreind, þ.e. meðal annars hvort land sé umfram þörf miðað við áform, hvort aðrir raunhæfir valkostir um staðsetningu komi til greina og hvort breyting kunni að girða fyrir búrekstrarnot í framtíðinni, þarf að koma fram með skýrum hætti í bókun við samþykkt tillögu til auglýsingar og jafnframt í greinargerð tillögunnar, eftir því sem við á.

Í þessu samhengi bendir Skipulagsstofnun á að það liggur fyrir flokkun landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalabyggðar og aftast í greinargerð aðalskipulag er skýrsla um viðmið og útfærslu í skipulagi og greiningarlykill sem nota á við breytingar á aðalskipulagi sem nýta ætti og liggja til grundvallar breytingunni. Færa þarf rök fyrir stefnunni með hliðsjón af niðurstöðu þessarar greiningaupplýsingar um flokkun landbúnaðarlands á landsvísi, en greining á gæðum ræktunarlands eru tiltækar í gögnum Lands og skóga. Slík gögn geta nýst sem forsenda við mat sveitarstjórnar á áhrifum tillögunnar á landbúnaðarland og við rökstuðning skipulagsákvörðunar.

Auk þeirra umsagnaraðila sem tilgreindir eru í tillögunni er bent á að leita þarf umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar.

Minnt er á að þegar aðalskipulagsbreytingin verður lögð fram í Skipulagsgátt til staðfestingar þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Að lokum hvetur Skipulagsstofnun til þess að áfram verði haft vandað samráð við þá aðila sem hagsmuna kunna að gæta vegna tillögunnar, bæði á auglýsingartíma og við úrvinnslu athugasemda, í samræmi við megináherslur skipulagsferlisins.

Guðjón Erlendsson

Borgartúni 7b | Sími 595 4100 | www.skipulag.is
IS-105 Reykjavík | Kennitala 590269 5149 | skipulag@skipulag.is